

# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

### SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að hluti svæðisins S20, við Suðurgötu, samfélagsþjónusta, breytist í íbúðarsvæði og sameinast íbúðarsvæði ÍB6.

Hluti svæðisins S20, samfélagsþjónusta við Suðurgötu, sem ætlað var fyrir St Jósefsspítala, sjúkrahús og leikskóla, fellur nú undir ÍB6 og verður hluti af heilsteyptri íbúðarbyggð. Svæði S20 breytist úr 0,9ha í 0,7ha. Deiliskipulagsreiturinn Suðurgata-Hamarsbraut breytist úr 12ha í 12,2ha. ÍB6, íbúðarsvæði sem var 61,27ha stækkar í 61,47ha.

Gert er ráð fyrir að núverandi hús, við Suðurgötu 44, fái nýtt hlutverk en yfirbragð að mestu látið halda sér. Lögð er áhersla á að þar sem ný hús munu koma falli þau inn í núverandi byggð og myndi heilsteypta götumynd.

Í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 segir á bls. 17: „Núverandi byggð skal þétt þar sem það á við, m.a. með endurskipulagningu vannýtttra svæða. Lögð skal áhersla á þau verðmæti sem felast í því að stór hluti íbúðarbyggðarinnar er í göngufjarlægð frá miðbænum. Leitast skal við að fullnýta byggingarmöguleika með þá eiginleika áður en uppbygging hefst á svæðum sem lengra eru í burtu. Við endurskipulagningu byggðar skal leita að kostum til þéttingar byggðar og stuðlað að endurnýtingu vannýtttra lóða og svæða með starfsemi sem lokið hefur sínu hlutverki.“

Tillaga að breytingu aðalskipulagsins nær til lóðanna nr. 40-44 við Suðurgötu og er í samræmi við þá stefnumörkun sem sett er fram í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010


Tillagan var auglýst frá 16.3. 2018 til 27.4. 2018

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: 12.7. 2018


*Rannsóknir*  
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

### FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025  
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014 1:15.000

### EFTIR



Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

### Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
Vp	Verzlunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Ibúðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Ibúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir fristundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
ÍB	Íþróttasvæði
ÓB	Óbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Fríðlýst svæði
ÖN	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
R	Fríðlýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
IVA	Bráðabirgða þýningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: 30. nóv. 2018

*Andri K. Þórhildur*  
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann: \_\_\_\_\_ 2018

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: SUÐURBÆR - SVÆÐI SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU VERÐUR AÐ HLUTA TIL ÍBÚÐARSVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA  
HAFNARFJARÐAR  
15.03.2018/Lagfært 18.09.2018  
ÞORMÓÐUR SVEINSSON